

tók hann, og ljósa lét þar  
lifandi von í þess stað.

*Fjórtða barn:*

Og þreytan lá þung á öllum,  
ei þeim neitt gat hjálpað við.  
En sjá! Jesús Kristur kom þá  
með kærleikans hjálp og frið.

*Fimta barn:*

Byrðarnar þungu bar hann,  
barnanna synd og mein.  
Frelsarans faðmur aftur  
friðandi bjart þeim skein.

*Sjötta barn:*

Fögnuð, sem heimur ei flytur,  
flutti' hann í heim með sér:  
náðvina, lífið og ljósið —  
lífið nýtt handa mér.

*Sjöunda barn:*

Flýtum oss fagnandi' að koma  
til frelsarans, Jesú míns.  
Hver, sem þá vill, hann kemst til  
hins kæra föður síns.

Þýtt eftir *Jennie Wilson*.

—○—  
**TIL GAMANS.**

*Miskunnarverk hans.* Jónsson: „Vinnur þú nokkuð að því að hjálpa bágstöddum nágrönnum þínum?“ — Anderson: „Já! Raunar finst mér það! Eg er nýbúinn að selja fónografinn minn.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „Sam.“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barnanna“.

*Address:* Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.  
Canada.